



Stjórnarráð Íslands
Innviðaráðuneytið

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

stjornarradid.is

Til þjónustusvæða í málefnum fatlaðs fólks

Reykjavík 5. september 2023

Tilv.: IRN23080121/7.20

Efni: Framlög til úrbóta á aðgengismálum fatlaðs fólks 2023-2024

Innviðaráðherra hefur samþykkt breytingu á reglugerð 280/2021 um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem heimilar sjóðnum að úthluta allt að 415 m.kr. til úrbóta á aðgengismálum fatlaðs fólks á árunum 2023 og 2024.

Átaksverkefninu var ýtt úr vör vorið 2021 og hefur nú verið framlengt til ársloka 2024. Verkefnið felst í því að bæta aðgengi fyrir fatlað fólk, m.a. í opinberum byggingum, almenningsgöngum, útivistarsvæðum og almenningsgördum. Áfram verður unnið í samvinnu við sveitarfélög landsins að tryggja að fatlað fólk hafi aðgengi að samfélaginu til jafns við aðra. Alls var 240 milljónum kr. ráðstafað úr sjóðnum til úrbótaverkefna vegna aðgengismála á árunum 2021 og 2022.

Umsóknir um aðgengisframlög úr Fasteignasjóði skv. 3. gr. skulu berast Jöfnunarsjóði ásamt fullnægjandi gögnum eigi síðar en 31. desember 2024. Jöfnunarsjóður tekur afstöðu til umsókna eftir því sem þær berast og gerir tillögu til ráðherra um úthlutanir að fenginni umsögn ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Jöfnunarsjóður veitir viljrði fyrir sérstöku framlagi sem veitt er á grundvelli 3. gr. og er framlagið greitt út þegar framkvæmdum er lokið.

Meðfylgjandi er yfirlit yfir skiptingu fjármagns sem Fasteignasjóði er heimilt að úthluta til þjónustusvæðanna. Ráðgjafarnefnd getur horfið frá skiptingu framlaga ef ljóst þykir að umsóknir um heildarframlög frá tilteknum þjónustusvæðum eru lægri en sem nemur því úthlutunarfjármagni sem áætlað var til svæðanna, sbr. viðauka.

Fyrir hönd ráðherra


Guðni Geir Einarsson


Sigrún Dögg Kvaran

Fylgiskj.: Framlög vegna úrbóta á aðgengismálum fatlaðs fólks 2023-2024

	Hlutfall almennra		Hlutfall framлага		Fóst greiðsla	Jöfnunarsjóður	Fjármagn		Hlutur
	framлага	vegna innviða	vegna innviða	framлага			sveitarfélaga	Samtals	
Akranes	3,3%	0,0%	0,0%	4.000.000	13.006.163	13.006.163	26.012.325	50,00%	
Austurland	2,6%	6,6%	6,6%	4.000.000	14.336.013	14.336.013	28.672.027	50,00%	
Borgarfjörður	0,6%	5,0%	5,0%	4.000.000	8.097.465	8.097.465	16.194.930	50,00%	
Dalvík	0,7%	0,0%	0,0%	4.000.000	5.787.041	5.787.041	11.574.082	50,00%	
Eyjafjörður	10,7%	2,9%	2,9%	4.000.000	34.672.453	34.672.453	69.344.906	50,00%	
Fjallabyggð	1,0%	0,0%	0,0%	4.000.000	6.791.278	6.791.278	13.582.556	50,00%	
Garðabær	3,6%	0,0%	0,0%	4.000.000	13.792.301	13.792.301	27.584.602	50,00%	
Grindavík	0,7%	0,0%	0,0%	4.000.000	5.880.257	5.880.257	11.760.513	50,00%	
Hafrarfjörður	7,8%	0,0%	0,0%	4.000.000	25.485.164	25.485.164	50.970.327	50,00%	
Hornafjörður	0,6%	0,0%	0,0%	4.000.000	5.555.876	5.555.876	11.111.751	50,00%	
Hvalfjarðarsveit	0,1%	0,0%	0,0%	4.000.000	4.359.048	4.359.048	8.718.096	50,00%	
Kópavogur	6,6%	0,0%	0,0%	4.000.000	22.168.657	22.168.657	44.337.314	50,00%	
Mosfellsbær og Kjós	5,8%	0,0%	0,0%	4.000.000	19.793.048	19.793.048	39.586.096	50,00%	
Reykjanesbær	2,7%	0,0%	0,0%	4.000.000	11.385.723	11.385.723	22.771.446	50,00%	
Reykjavík	35,2%	10,2%	10,2%	4.000.000	105.486.974	105.486.974	210.973.948	50,00%	
Seltjarnarnes	1,0%	0,0%	0,0%	4.000.000	6.764.358	6.764.358	13.528.715	50,00%	
Skagafjörður	2,5%	11,3%	11,3%	4.000.000	16.284.021	16.284.021	32.568.042	50,00%	
Snæfellsnes	0,7%	6,1%	6,1%	4.000.000	8.923.452	8.923.452	17.846.904	50,00%	
Suðurland	8,1%	27,8%	27,8%	4.000.000	39.740.944	39.740.944	79.481.887	50,00%	
Suðurnesjabær	1,1%	3,3%	3,3%	4.000.000	8.481.910	8.481.910	16.963.820	50,00%	
Vestfirðir	2,1%	19,5%	19,5%	4.000.000	19.286.765	19.286.765	38.573.529	50,00%	
Vestmannaeyjar	0,9%	0,0%	0,0%	4.000.000	6.357.942	6.357.942	12.715.883	50,00%	
Þingeyjarsýslur	1,8%	7,4%	7,4%	4.000.000	12.563.150	12.563.150	25.126.299	50,00%	
	100%	100%	100%	92.000.000	415.000.000	415.000.000	830.000.000		